



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 9. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudag. 01.12.2010 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður

Boðuð forföll: Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari

Fjarverandi:

Fundarritari: PI

Helstu mál: Fundargerð s.f., formannafundur, keilarar ársins og desember

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Formannafundur ÍSÍ:

PMP sat formannafundinn fyrir hönd KLÍ og gerði stutta grein frá fundinum. Fundurinn var áhugaverður, áætlaður niðurskurður er um 10%, en ÍSÍ stendur nokkuð vel.

3. Keilarar ársins:

Þá var komið að hinu árlega kjöri á keilurum ársins. Farið var yfir lista af keilurum sem koma til álita, og í framhaldi af því rætt hvaða forsendur ættu að gilda við valið. GS taldi að ekki væru nægar upplýsingar til staðar fyrir valið. Gengið var til kosninga með fyrirvara um að atkvæði gætu breyst þegar frekari upplýsingar lægu fyrir. PMP tók að sér að vinna lista þar sem vægi árangurs væri metinn og gæti verið leiðbeinandi fyrir stjórn um val á keilurum ársins.

4. desember:

PI kannaði afstöðu stjórnar um fundi fram að áramótum. Ekki verður fundað nema eitthvað komi uppá. Gengið var frá jólakortum sem KLÍ sendir.

5. Önnur mál:

GJK sagði frá fundi sem hann sat á vegum KLÍ um lyfjamál.

PMP lagði til að athuga hvort hægt væri að koma keilu inná Smáþjóðaleikanna, en þeir verða væntanlega haldnir hér á landi á næstu árum.

PMP velti upp hvergi KLÍ getur betur staðið sig í sambandi við Norrænu- og Evrópskufyrirtækjaleikana sem haldnir eru árlega og keila er þar ein keppnisgreinanna

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 18:50 – næsti fundur óákveðinn.